

LISTIR

Gagnstæður

MYNDLIST


Kjarvalsstaðir

RÝMISLIST
MAGNÚS TÓMASSON.

Opið alla daga frá 10-18. Til 7. maí.
Aðgangur 300 kr. Ókeypiss fyrir eldri borgara. Sýningarskrá 1600 kr.

MAGNÚS Tómasson hefur lengi verið í fremstu röð íslenskra rýmislistarmanna og fjölhæfni hans viðbrugðið. Upprunalega hugðist hann verða málari og nam við listakademíuna í Kaupmannahöfn, en síðar hneigðist hann að gerð rýmisverka hvers konar, sem lengi vel voru lítil og fingerð og í ætt við það sem fékk á sínum tíma sérheitið „Visual Poetry“ eða sýniljóð. Viðhorf hans breyttust nokkuð við gerð hinnar stóru og margfrægu flugu, sem fyrst var sýnd á útsýningu Myndhöggvarafélagsins fyrir framan Ásmundarsal, ef ég man rétt. Hún var í fyrstu tæknilega nokkuð ófullkomin en er mun sterkara verk og hrifmeira í seinni tíma endurgerð.

Á undanförunum árum hafa verk Magnúsar stöðugt verið að stækka og hann hefur meira og meira leitað í næsta umhverfi sitt í leit að fersku myndefni, sem teljast hárrétt stefnumörk. Einkum hefur hann látið heillast af grjótblökkum, sem hvíla á undirstöðum úr smíðastáli sbr. Amlóða (1990-92), sem er eins og fæfætt fornsögulegt skordýr eða jafnvel kóngulú í yfirstærð úr stáli og grjóti, og Grettistak á þrem þríhyrnum stálfótum, sem er fyrir faman elliheimilið á Akranesi og fellur þar yfirmáta vel að umhverfinu. Bregður svo jafnvel risablökk yfir höfuð vegvillts möppudýrs, sbr.



PREYTTIR indjánar, 1994-95. Þrjár stuðlabergssúlur og ryðfrítt stál. Mesta hæð 225 sm.

„Minnismerki óþekktar embættismannsins“ (1994), en þessi verk eru ekki á sýningunni en eru kynnt með litmyndum í sýningarskrá.

Það er vel til fundið að kynna ný verk Magnúsar í miðrymi Kjarvalsstaða, þótt svo hin stærri verk hans njóti sín þar engan veginn, og væru mun betur sett úti undir berum himni eða jafnvel í vestri sal, en þá með sérhannaðri lýsingu og einhverju undirlagi sem dragi úr áhrifum hins hlutdræga parkettsgólfs.


Sagt er um listamanninn, að verk hans séu gædd frásagnarlegu ívafi, sem verður að teljast mikið rétt, og ekki þarf að fara í grafötur um kinnina í þeim, sem oftast en ekki er í senn beinskeytt og markviss og þannig séð ágætlega jarðtengd. Það segir okkur svo aftur, að hún er kominn til að vera en er ekki lúmsk og léttvæg glettni augnabliksins eins og svo margt í list dagsins. Maður getur t.d. lengi velt

vöngum yfir verkinu „Preyttir indjánar“ (1994-95), því að það býr ekki einungis yfir form- og efnislegum andstæðum, heldur einnig frásagnarlegum víddum og tilvisunum í tíma og rými. Segir manni svo margt í einfaldri, en snjallri útfærslu. Mann-dómurinn virðist svo í lagi, eins og vera ber, í verkunum „Oddiseifur“ 1 og 2, en þar vísar annars vegar stuðlabergssúla, en

hins vegar trédrumbur skáhallt til himins. Þær hvíla á ryðguðum keilu- og turnformuðum stálfleini sem sorfinn er í oddinn sem eins og grefur sig inn í upprisuformið. Verkin standa svo í aflöngum ferhyrnum kerum með lágum börnum sem fyllt eru af vatni, mól og grjóti. Smærri verkin eru sem myndljóð úr ævintýrum, en öll eiga þau það sameiginlegt að áhersla er lögð á efnislegar andstæður og jafnframt að stefna hlutgerðri smíð gegn náttúruformum svo úr verði eins konar tvírætt samræmi.

Hér er á ferð mjög hugmyndafræðileg list af lífrænna taginu, sem sækir forsendur sínar og vísanir jafnt á íslenskan sem alþjóðlegan vettvang. Ágætt kynningarit fylgir framkvæmdinni ásamt stuttum og skilvirkum formála Ólafs Gíslasonar, en bandið er ekki alveg hnökra-laust.

Bragi Ásgeirsson.



NOKKRIR úr hópnum sem standa að uppfærslu á söngleiknum Jósep í leikhúsi Tjarnarbíós í sumar.

Söngleikurinn Jósep og Light Nights

STARFSEMI Ferðaleikhússins í leikhúsi Tjarnarbíós verður mjög fjölskrúðug í sumar. Boðið verður upp á hinar hefðbundnu sýningar Light Nights þar sem atriði úr sögu Íslands svo og þjóðsögur verða sviðsettar. Fleiri þátttakendur en fyrr koma nú fram í þessum sýningum, svo og verða atriði endurnýjuð og endurbætt.

Jafnframt eru æfingar að hefjast á söngleiknum Jósep og lit-skrúðugi frakkinn hans eftir Andrew Lloyd Webber og Tim Rice. Þetta er fyrsta verk þeirra féлага og er af mörgum álitum eitt skemmtilegasta verk er þeir sömdu saman. Þessi söngleikur hefur farið sigurför um heiminn, verið margt sýndur bæði í Bandaríkjunum og í Englandi, nú síðast í West End í London þar sem hann gekk fyrir troðfullu húsi áhorfenda í rúm þrjú ár. Jósep hefur ekki verið sýndur áður í Reykjavík, en hefur verið færður upp í Tónlistarskóla Keflavíkur og einnig í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þessar uppfærslur báðar nutu geysi vinsælda.

Uppfærslunni í leikhúsi Tjarnarbíós er stjórnað af listamönnum, Kristínu G. Magnús, leikstjóra, Michael Jón Clarke, tónlistar- og söngstjóra, og David

Greenall frá Íslenska dansflokkinum semur dansana.

Í aðalhlutverkinu Jósep er leikarinn Eggert A. Kaaber, en sýningin er mannmörg, á milli 20 og 30 manns taka þátt í henni. Þetta verk er sérstaklega fært upp til að gefa ungu hæfileikafólki tækifæri til að koma fram. Sérstaklega er haft í huga að veita atvinnulausu skólafólki og öðru atvinnulausu fólki vinnu við sitt hæfi í leikhúsi. Á morgun, miðvikudagskvöld kl. 20 fer fram raddprófun, vegna Jóseps.

Það skal tekið fram að söngleikurinn Jósep verður færður upp með íslenskum texta eftir Þórarín Hjartarson.

Light Nights er leiksýning, þar sem Kristín G. Magnús, leikkona, fer með aðalhlutverk, en henni til aðstoðar, svokölluð lifandi leikmynd, er túlkuð af áhuga-fólki.

Það sem er sameiginlegt með þessum uppfærslum er að sögu-maður segir sögur sem birtast á sviði í leik, dansi og söng. Efnid úr Jósep er upprunalega tekið úr Biblíunni (Mósebók).

Umræður um fjárhagslega aðstoð frá Reykjavíkurborg við þessi verkefni hafa staðið yfir frá því í ágúst á sl. ári, bæði við framkvæmdastjóra ÍTR, borgarstjóra og borgarráðsmenn.



Operutónlist

Háskólabíói

fimmtudaginn 27. apríl, kl. 20.00

Hljómsveitarstjóri: *Owain Arwel Hughes*

Einsöngvari: *Ingibjörg Guðjónsdóttir*



Owain Arwel Hughes



Ingibjörg Guðjónsdóttir

Efnisskrá:

Vinsælar óperuaríur, forleikir og fleira.

Sinfóníuhljómsveit Íslands, sími 622255

Miðasala á skrifstofutíma og við innganginn við upphaf tónleika. Greiðslukortþjónusta.

ff Fréttir og fréttisöfnun

HVER ER LÍFEYRISRÉTTUR ÞINN?



LÍFEYRISRÉTTURINN
EINING

-framlag þitt til framtíðar